

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík, nr. 1024/2010.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Viðbótargjald, þurfi að sækja sorpílát lengra en 15 m frá sorpbíl, er 4.000 kr./ílát á ári miðað við losun á 10 daga fresti. Fyrir sorpílát sem hirt eru á 20 daga fresti er gjaldið 2.000 kr./ílát á ári. Gjaldið er lagt á frá og með 1. ágúst 2011.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 4. júlí 2011.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2011